

Rannsóknir á seiðastofnum Fljótaár árið 2010

Bjarni Jónsson og Karl Bjarnason



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Forsíðumynd: Fljótaá.


Myndataka: Eik Elfarsdóttir

VMST/11035

Rannsóknir á seiðastofnum Fljótaár árið 2010

Bjarni Jónsson og Karl Bjarnason

Apríl 2011



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Inngangur og aðferðir

Rannsóknir á seiðastofnum í vatnakerfi Fljótaár fóru fram 13. september 2010. Tilgangur þessara rannsókna er að fá yfirlit yfir styrkleika seiðaárganga sem og útbreiðslu, afkomu og vöxt seiða í ánum með rafveiðum. Á grundvelli þessara upplýsinga er hægt að leggja mat á heildarástand fiskistofna vatnakerfisins. Veitt var á fimm stöðum í Fljótaá, þeim sömu og undanfarin ár og auk þess var veitt á einum stað í Straumlæk, Hvammslæk, Skeiðaá, Brúnastaðaá og Reykjaá. Veidd var ein umferð á hverjum stað og var stærð rafveiðistaðanna á bilinu 32 - 170 m² allt eftir aðstæðum.

Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverri stöð. Þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta seiðavísitölu en ekki heildarfjölda seiða:
$$\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis } m^2) * 100m^2 \text{ (tölur 1-3).}$$

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Meðallengd og þyngd allra laxa- og bleikjuseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverri stöð (tölur 4-9). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess:
$$\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr)} / \text{lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100.$$

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga seiða á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum athugunarstað og þéttleika sama árgangs á sömu stöð:
$$\text{lífþyngd á } 100m^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100m^2 \text{ (tölur 10-11).}$$

Gögn um heildarþéttleika allra árganga laxa- og bleikjuseiða í Fljótaá eftir árum frá 2005 – 2010 voru tekin saman. Notuð er aðferð þar sem allir staðir vega jafnt óháð stærð þeirra, þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár:
$$\text{þéttleiki árinna} = \text{þéttleiki hversrar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman} / \text{fjöldi stöðva} \text{ (tölur 12 og 13).}$$

Veiditölur sumarsins voru einnig teknar saman (tölur 14 og 15).

Niðurstöður rafveiða

Efsti rafveiðistaðurinn í Fljótaá er við Bakkavað (mynd 1). Eitt vorgamalt laxaseiði veiddist (tafla 1, mynd 2a) og þrír yngstu árgangar af bleikjuseiðum, en þéttleiki þeirra var lítill (tafla 2, mynd 3a).

Rafveitt var talsvert ofan við ármót Fljótaár og Skeiðár, efri viðmiðunarstaður, (mynd 1). Þéttleiki vorgamalla laxaseiða reyndist mikill og sá mesti í rannsókninni og einnig var þéttleiki eins árs seiða góður (tafla 1, mynd 2a). Þá veiddust einnig nokkur vorgömul bleikjuseiði (tafla 2, mynd 3a).

Rétt neðan við neðri rafstöð er rafveiðistaður (mynd 1). Þéttleiki vorgamalla laxaseiða var mikill og talsvert var af eins árs seiðum. Einnig veiddist lítilsháttar af tveggja ára laxaseiðum (tafla 1, mynd 2a). Nokkur vorgömul bleikjuseiði veiddust og vart var við tveggja ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 3a).

Á rafveiðistaðnum við Bjarnargil (mynd 1) veiddust þrír árgangar af laxaseiðum og var þéttleiki eins árs seiða mestur, en talsvert var einnig af vorgömlum seiðum, en aðeins tvö tveggja ára laxaseiði fundust (tafla 1, mynd 2a). Þéttleiki vorgamalla bleikjuseiða var mjög mikill og sá mesti í Fljótaá sjálfri í rannsókninni. Einnig veiddust nokkur eins og tveggja ára bleikjuseiði á þessum rafveiðistað (tafla 2, mynd 3a).

Neðsti rafveiðistaðurinn í Fljótaá er við brúna á þjóðveginum ofan við ósinn (mynd 1). Vorgömul og eins árs seiði reyndust vera í miklum þéttleika og var þéttleiki eins árs seiða mestur í rannsókninni á þessum rafveiðistað (tafla 1, mynd 2b). Ekki varð vart við bleikjuseiði að þessu sinni (tafla 2), en talsvert veiddist af hornsílum. Þá veiddist, eins og á síðasta ári, einn ósakoli og var þessi 22,2 cm langur og 149,1 gr.

Í Straumlæk sem rennur í Fljótaá við Bakkavað var rafveitt fyrir ofan brúna á þjóðveginum (mynd 1, staður 1). Engin laxaseiði veiddust að þessu sinni (tafla 1), en þrír yngstu árgangar af bleikjuseiðum fundust og var þéttleiki vorgömlu seiðanna nokkur en minna var af hinum árgöngunum (tafla 2, mynd 3b).

Hvammslækur rennur einnig í Fljótaá við Bakkavað. Þar var rafveitt fyrir ofan ræsi á þjóðveginum (mynd 1, staður 3). Ekki varð vart við laxaseiði (tafla 1), en vorgömul bleikjuseiði voru þar í mjög miklum þéttleika og talsvert var einnig af ársgömlum bleikjuseiðum (tafla 2, mynd 3b).

Í Skeiða var rafveitt talsvert fyrir ofan ármót hennar við Fljótaá (mynd 1). Vorgömul og eins árs laxaseiði voru þar í miklum þéttleika og eitt tveggja ára fannst einnig (tafla 1, mynd 2b). Vorgömul bleikjuseiði voru í miklu magni og vart varð við eins árs og tveggja ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 3b). Í Skeiða veiddist einnig urriðaseiði og var það 23,3 cm að lengd og 178,3 gr.

Á rafveiðistaðnum í Reykjaá, sem er milli gömlu brúar og ræsis (mynd 1, staður 1), veiddust þrír árgangar af bleikjuseiðum. Þéttleiki vorgamalla og eins árs seiða var nokkuð góður en aðeins eitt tveggja ára seiði veiddist (tafla 2, mynd 3c).

Rafveitt var neðan við brúna yfir Brúnastaðaá (mynd 1). Þar veiddust eingöngu vorgömul bleikjuseiði og var þéttleiki þeirra mjög mikill (tafla 2, mynd 3c).

Laxaseiðin í Fljótaá hafa dafnað vel og eru samkvæmt rannsóknunum 2010 nokkru lengri og þyngri en jafnaldrar þeirra síðustu ára (töflur 4 og 5). Einnig er ástand þeirra eða holdafar eins og undanfarin ár mjög gott (tafla 6).

Meðallengd og meðalþyngd bleikjuseiðanna er í meðallagi miðað við fyrri ár (töflur 7 og 8) og ástand þeirra er einnig í meðallagi (tafla 9).

Vísitala lífþyngdar (samanlagður þungi seiða) laxaseiða í Fljótaá sjálfri reyndist mjög há á öllum rafveiðistöðunum nema á rafveiðistaðnum við Bakkavað. Þessi mikla lífþyngd skýrist einkum af mjög miklum þéttleika tveggja yngstu árganganna, sérstaklega eins árs seiðanna. Mesta lífþyngd laxaseiða í rannsókninni var að þessu sinni í Skeiða (tafla 10).

Mesta lífþyngd bleikjuseiða reyndist vera í Hvammslæk fyrir ofan ræsi (stöð 3) og næst á eftir komu Skeiða og rafveiðistaðurinn við Bjarnargil (tafla 11).

Sumarið 2010 var sleppt 12.000 gönguseiðum í Fljótaá við jarðirnar Bjarnargil og Stóra-Holt. Seiðunum var sleppt 15. maí og var áætluð þyngd þeirra 30 grömm. Seiðin voru ekki merkt.

Veiðin 2010

Sumarið 2010 veiddust alls 284 laxar í Fljótaá (tafla 14), sem er talsvert minni veiði en metárið 2009, en er þó í hópi metára í skráðri veiði frá 1974. Um 78% laxanna var sleppt aftur í ána eða 221 laxi og voru hrygnur nokkru fleiri bæði í veiddum löxum og slepptum (töflur 14 og 15). Af 63 vegnum löxum höfðu rúmlega helmingur þeirra eða 33 verið tvö ár eða lengur í sjó. Laxveiðin dreifðist nokkuð jafnt yfir veiðitímabilið, en mest var hún þó frá miðjum júlí og fram í miðjan ágúst (mynd 4).

Alls veiddust 1493 bleikjur í Fljótaá sumarið 2010, sem er met í skráðri veiði allt frá árinu 1997 og var 237 bleikjum sleppt í ána aftur (tafla 14). Vikuleg bleikjuveiði fór vaxandi frá byrjun veiðitímans og náði hámarki um mánaðarmótin júlí – ágúst og síðan dró úr henni jafnt og þétt til loka veiðitímans (mynd 4).

Sumarið 2010 veiddist einn urriði í Fljótaá (tafla 14).

Umræður

Mikil laxagengd 2009 hefur skilaði góðri hrygningu um haustið og miklum þéttleika vorgamalla laxaseiða í rafveiðunum 2010. Einnig reyndist árgangur eins árs seiða í ánni óvenjulega öflugur miðað við undanfarin ár. Þessir tveir árgangar eru nú ríkjandi í ánni. Minna reyndist hinsvegar af tveggja ára seiðum og vantaði þau alveg í efri hluta árinna. Svæðið í ánni fyrir ofan Neðri rafstöð, og þá sérstaklega við Bakkavað hefur verið að skila litlu af sér að undanförunu og hefur nýliðun þar verið stopul og afföll jafnvel meiri enn annarsstaðar í ánni. Veiðifélagið hefur ráðist í ýmsar aðgerðir til að bæta búsvæði og hrygningarskilyrði í efri hluta árinna og hafa þær aðgerðir verið framkvæmdar eftir ráðgjöf og í samráði við Bjarna Jónsson hjá Veiðimálastofnun á Sauðárkróki. Aðgerðirnar hafa m.a. falist í að opna lokaðar árkvísar ryðja frá gönguhindrunum fyrir seiði, lagfæra rennslisstefnu og bæta mól á mikilvæga hrygningarstaði. Segja má að árangurinn sé mjög góður hingað til og aðgerðirnar hafi skilað tilætluðum árangri. Mikilvægt er þó að halda áfam á sömu braut því enn er þörf á umtalsverðum endurbótum og endurheimt búsvæða og hrygningarsvæða fyrir lax í Fljótaá.

Ganga náttúrulegra gönguseiða úr Fljótaá hefur verið talsvert minni vorið 2010 en 2009 og búast má við að ganga verði ekki yfir meðallagi vorið 2011. Næstu árgangar á eftir eru hinsvegar fyrnasterkir í ánni og eru líklegir til að skila stórum göngum. Ástæða er til hóflegrar bjartsýni hvað varðar veiði laxa af náttúrulegum uppruna sumarið 2011 og jafnvel 2012 en forsendur til að hafa meiri væntingar gagnvart næstu árum á eftir. Mikið mun þó ráðast af hverjar heimtur laxaseiða verða úr hafi og litlar seiðagögnur geta því skilað þokkalegum laxagöngum ef vel árar. Þá á eftir að koma í ljós hvernig sá miklu fjöldi gönguseiða sem sleppt var í ána vorið 2010 á eftir að skila sér í veiði sumarið 2011, en ef vel hefur tekist til kunna þau seiði að standa undir marktækum hluta laxveiðinnar í Fljótaá sumarið 2011. Mikilvægt er að hreistursýnum verði aflað af veiddum löxum í Fljótaá svo greina megi hversu vel sleppiseiðin eru að skila sér og hve stór hluti veiðinnar er annarsvegar af náttúrulegum uppruna og sleppiuppruna hinsvegar.

Þrátt fyrir góða bleikjuveiði á vatnasvæðinu er viðgangur bleikju ekki sem skyldi í Reykjaá og sérstaklega Brúnastaðaá. Brýnt er að skoða hvernig megi styrkja bleikjustofna Brúnastaðaár.

Miklar breytingar eru áfram að verða á lífríki Miklavatns og má m.a merkja það af miklu magni tegunda sjávarfiska í vatninu. Ósakoli hefur haldið innreið sína inn á vatnasvæðið og ófyrirséð hvaða afleiðingar það mun hafa fyrir lífríki svæðisins. Rík ástæða er til að rannsaka og fylgjast með þeim breytingum sem eru að verða á svæðinu, ekki síst með tilliti til sjóbleikju og laxastofna. Hvaða breytingar kunna að verða á lífsögu laxfiska á vatnasvæðinu og hvaða áhrif hefur möguleg aukin samkeppni og afrán á þessar tegundir. Hætt er við að afrán muni aukast á gönguseiði laxa og ungleikju.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fljótaá haustið 2010.

Staður	Stærð svæðis (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	1+ss
Bakkavað	168	0,60				
Efri viðmiðunarstaður	126	20,63	9,52			
Neðri rafstöð	110	19,09	8,18	1,82		
Við Bjarnargil	153	9,80	13,07	1,31		
Ós	120	15,83	19,17			0,83
Straumlækur st 1	70					
Hvammlækur st 3	32					
Skeiðá	60	20,00	13,33	1,67		
Reykjaá st 1	144					
Brúnastaðaá	170					

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fljótaá haustið 2010.

Staður	Stærð svæðis (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Bakkavað	168	2,98	0,60	0,60	
Efri viðmiðunarstaður	126	3,97			
Neðri rafstöð	110	5,45		0,91	
Við Bjarnargil	153	32,68	1,96	1,31	
Ós	120				
Straumlækur st 1	70	7,14	2,86	1,43	
Hvammlækur st 3	32	53,13	9,38		
Skeiðá	60	25,00	1,67	1,67	
Reykjaá st 1	144	10,42	3,47	0,69	
Brúnastaðaá	170	36,47			

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum í Fljótaá haustið 2010.

Staður	Stærð svæðis (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+eða m
Bakkavað	168				
Efri viðmiðunarstaður	126				
Neðri rafstöð	110				
Við Bjarnargil	153				
Ós	120				
Straumlækur st 1	70				
Hvammlækur st 3	32				
Skeiðá	60				1,67
Reykjaá st 1	144				
Brúnastaðaá	170				

Tafla 4: Meðallengd (cm) og staðalfrávik laxaseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2010 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			1+ss		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	5,60		1									
Efri viðmiðunarstaður	4,79	0,56	26	10,18	0,53	12						
Neðri rafstöð	4,66	0,33	21	9,86	1,01	9	14,20	0,85	2			
Við Bjarnargil	4,72	0,33	15	8,96	0,81	20	13,95	1,63	2			
Ós	4,46	0,35	19	8,45	1,17	23				12,00		1
Straumlækur stöð 1												
Hvammslækur stöð 3												
Skeiða	4,72	0,38	12	10,03	1,23	8	15,30		1			
Reykjaá stöð 1												
Brúnastaðaá												
Samtals	4,68	0,43	94	9,23	1,18	72	14,32	1,08	5	12,00		1

Tafla 5: Meðalþyngd (g) og staðalfrávik laxaseiða sem veiddust í Fljótaá haustið 2010 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			1+ss		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,80		1									
Efri viðmiðunarstaður	1,19	0,41	26	11,35	2,09	12						
Neðri rafstöð	1,18	0,26	21	11,13	3,76	9	34,35	6,29	2			
Við Bjarnargil	1,21	0,28	15	8,20	2,34	20	32,45	10,11	2			
Ós	0,92	0,23	19	6,55	2,75	23				17,60		1
Straumlækur stöð 1												
Hvammslækur stöð 3												
Skeiða	1,21	0,26	12	12,23	4,69	8	41,50		1			
Reykjaá stöð 1												
Brúnastaðaá												
Samtals	1,14	0,33	94	9,01	3,61	72	35,02	7,03	5	17,60		1

Tafla 6: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Fjórtaá haustið 2010 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			1+ss		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,02		1									
Efri viðmiðunarstaður	1,04	0,09	26	1,06	0,04	12						
Neðri rafstöð	1,14	0,07	21	1,13	0,09	9	1,19	0,01	2			
Við Bjarnargil	1,13	0,10	15	1,11	0,04	20	1,18	0,04	2			
Ós	1,03	0,09	19	1,03	0,05	23				1,02		1
Straumlækur stöð 1												
Hvammslækur stöð 3												
Skeiða	1,15	0,17	12	1,16	0,07	8	1,16		1			
Reykjaá stöð 1												
Brúnastaðá												
Samtals	1,09	0,11	94	1,09	0,07	72	1,18	0,02	5	1,02		1

Tafla 7: Meðallengd (cm) og staðalfrávik bleikjuseiða sem veiddust í Fijótaá haustið 2010 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik (cm)	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik (cm)	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik (cm)	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik (cm)	Fjöldi seiða
Bakkavað	5,88	0,55	5	7,80		1	12,90		1			
Efri viðmiðunarstaður	5,76	0,17	5									
Neðri rafstöð	5,58	0,44	6				11,60		1			
Við Bjarnargil	5,45	0,58	50	10,40	0,36	3	12,00	0,28	2			
Ós												
Ströumlækur stöð 1	5,74	0,57	5	9,75	1,20	2	12,80		1			
Hvammislækur stöð 3	5,05	0,37	17	8,97	0,49	3						
Skeiða	5,70	0,69	15	10,50		1	13,90		1			
Reykjaá stöð 1	6,52	0,36	15	9,60	0,90	5	11,30		1			
Brúnastaðá	3,73	0,29	62									
Samtals	4,96	1,11	180	9,59	2,57	15	12,36	4,45	7			

Tafla 8: Meðalþyngd (g) og staðalfrávik bleikjuseiða sem veiddust í Fijótaá haustið 2010 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik (g)	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik (g)	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik (g)	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik (g)	Fjöldi seiða
Bakkavað	1,96	0,59	5	4,40		1	19,50		1			
Efri viðmiðunarstaður	1,64	0,13	5									
Neðri rafstöð	1,60	0,43	6				15,40		1			
Við Bjarnargil	1,59	0,50	50	10,83	1,52	3	16,70	0,14	2			
Ós												
Ströumlækur stöð 1	1,88	0,46	5	9,25	2,90	2	22,60		1			
Hvammislækur stöð 3	1,26	0,27	17	7,10	1,08	3						
Skeiða	1,82	0,72	15	10,30		1	26,00		1			
Reykjaá stöð 1	2,79	0,56	15	8,34	2,18	5	14,40		1			
Brúnastaðá	0,46	0,13	62									
Samtals	1,31	0,82	180	8,58	3,13	15	18,76	7,69	7			

Tafla 9: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Fíjóaá haustið 2010 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

	0+		1+		2+		3+	
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik
Bakkavað	0,94	0,06	0,93	0,04	0,93	0,06	0,93	0,06
Efri viðmiðunarstaður	0,86	0,08						
Neðri rafstöð	0,90	0,05			0,99		0,99	
Við Bjarnargil	0,96	0,09	0,96	0,04	0,97	0,06	0,97	0,06
Ós								
Straumlækur stöð 1	0,98	0,09	0,99	0,05	1,08		1,08	
Hvammslækur stöð 3	0,97	0,09	0,98	0,06				
Skeiða	0,94	0,10	0,89		0,97		0,97	
Reykjaá stöð 1	0,99	0,06	0,92	0,03	1,00		1,00	
Brúnastaðá	0,87	0,10						
Samtals	0,92	0,10	0,95	0,04	0,98	0,06	0,98	0,06
			180	15	15	7	15	7

Tafla 10: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	1+ss	
Bakkavað	1,1					1,1
Efri viðmiðunarstaður	24,5	108,1				132,6
Nedri rafstöð	22,5	91,1	62,5			176,0
Við Bjarnargil	11,8	107,1	42,4			161,4
Ós	14,6	125,5			14,7	154,8
Straumlækur stöð 1						0,0
Hvammlækur stöð 3						0,0
Skeiðá	24,2	163,0	69,2			256,3
Reykjaá stöð 1						0,0
Brúnastaðaá						0,0

Tafla 11: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Bakkavað	5,8	2,6	11,6			20,1
Efri viðmiðunarstaður	6,5					6,5
Nedri rafstöð	8,7		14,0			22,7
Við Bjarnargil	52,0	21,2	21,8			95,0
Ós						0,0
Straumlækur stöð 1	13,4	26,4	32,3			72,1
Hvammlækur stöð 3	67,2	66,6				133,8
Skeiðá	45,5	17,2	43,3			106,0
Reykjaá stöð 1	29,0	29,0	10,0			68,0
Brúnastaðaá	16,7					16,7

Tafla 12: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Fljótaá 2005-2010. Aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	1+ss	gs
2005	5	1532	2,67	1,30	0,25		
2006	5	1191	9,57	6,73	1,55		0,45
2007	4	716	7,50	5,13	0,80		
2008	5	999	3,24	1,76	2,01		0,82
2009	5	893,5	3,17	1,64	0,56		
2010	5	677	13,19	9,99	0,63	0,17	

Tafla 13: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Fljótaá 2005-2010. Aðferð A.


Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+
2005	5	1532	3,09	2,71	1,66		
2006	5	1191	6,71	0,69	1,25		
2007	4	716	2,31	0,51	2,03	0,18	0,16
2008	5	999	7,27	0,51	0,24		
2009	5	893,5	6,79	0,66	0,55		
2010	5	677	9,02	0,51	0,56		

Tafla 14: Fjöldi veiddra og slepptra laxa, bleikju og urriða ásamt afla í Fljótaá árið 2010.


	Lax	Bleikja	Urriði
Veiði	284	1493	1
Sleppt	221	237	0
Afli	63	1256	1

Tafla 15: Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Fljótaá 2010.


	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	125	143	16	284
Sleppt	90	116	15	221
Afli	35	27	1	63




Mynd 1. Rafveiðistaðir í Fjötaá og hliðarám.




Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fljótaá og hliðarám haustið 2010.




Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fljótaá og hliðarám haustið 2010.




Mynd 3a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fljótaá haustið 2010.



Mynd 3b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í hliðarám Fljótaár 2010.



Mynd 3c: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Reykjaá og Brúnastaðaá haustið 2010.



Mynd 4: Vikuleg lax- og bleikjuveiði í Fljótaá árið 2010.